



## FUNDARGERÐ 490. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 20. desember 2023. Fundurinn er settur klukkan 12:00. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

**Fundarstjóri:** Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

**Fundarritari:** Gunnar Dofri Ólafsson.

**Sækja fund:** Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Orri Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

### Tekið fyrir

#### 1. Málafni grenndarstöðva – minnisblað um söfnun á textíl og þróun virðis\_keðju meðhöndlunar

Framkvæmdastjóri og samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri gera grein fyrir stöðu samtals við hagaðila um hlutverk SORPU í móttöku á textíl.

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi:

*„Stjórn SORPU telur mikilvægt að tryggja gagnsæja og ábyrga meðhöndlun á textíl. Ljóst er að sveitarfélögin bera í ljósi lagabreytinga ábyrgð á meðhöndlun textíls. Stjórn felur framkvæmdastjóra að halda áfram þeirri vinnu sem unnin hefur verið í SORPU til að uppfylla skyldur sveitarfélaga í samræmi við framlagt minnisblað og í samráði við hagaðila.“*

#### 2. Málafni GAJA

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu samskipta SORPU og Aikan um áframhaldandi aðkomu Aikan að uppkeyrslu GAJU.

#### 3. Skipulag SORPU bs.

Framkvæmdastjóri kynnir breytingu á stjórnskipulegri stöðu áhættunefndar SORPU. Áhættunefnd færir undir stjórn SORPU með nýju skipulagi og verkefna- og tæknistjórnun færir undir framkvæmdastjóra.

Stjórn samþykkir breytinguna.

#### Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 9. janúar klukkan 08:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 13:09.



Frá: Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra  
Til: Stjórnar SORPU bs.  
Efni: Söfnun og meðhöndlun á textíl

13. desember 2023

## Söfnun og meðhöndlun á textíl

### Samantekt

- Eftir lagabreytingar sem urðu um síðustu áramót bera sveitarfélög ótvírætt ábyrgð á söfnun og meðhöndlun á textíl
- SORPA mun taka við söfnun á textíl á grenndar- og endurvinnslustöðvum SORPU
- Áhersla verður lögð á ábyrgð og gagnsæi á afsetningu á textíl sem ekki er hægt að endurnota eða -vinna
- Stefnt verður að auknum endurnotum innanlands á textíl
- SORPA og sveitarfélögin munu þurfa að taka textíl inn í samning um grenndarstöðvar
- SORPA mun bjóða sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins að nýta útflutningsfarveg fyrir textíl á kostnaðarverði

### Minnisblað

Í upphafi árs 2023 tóku gildi breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs; lög númer 103/2021, oft nefnd: *lög um hringrásarhagkerfi*. Nýju löginn leggja þær kröfur á herðar sveitarfélaga að tryggja söfnun á textíl í nærumhverfi, sem í vinnu tæknimannahóps sveitarfélaganna og SORPU hefur verið skilgreint sem söfnun á grenndarstöð.

Hingað til hafa mannúðarsamtök safnað textíl á höfuðborgarsvæðinu, ýmist á grenndarstöðvum eða öðrum svæðum. Rauði krossinn safnar textíl á um það bil þriðjungi grenndarstöðva SORPU, sem eru um 90 talsins. SORPA og Rauði krossinn hafa átt í góðu samtali um framtíð textílsöfnunar á höfuðborgarsvæðinu. Þetta samtal hefur leitt í ljós að Rauði krossinn telur sér ekki fært að safna textíl á öllum grenndarstöðvum eins og sveitarfélögin þarfnast.

Af þessu er ljóst að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu þurfa að tryggja textílsöfnun á starfssvæði sínu. Tæknimannahópur sveitarfélaga og SORPU hefur lýst þeirri afstöðu sinni að farsælast væri að SORPA myndi bæta söfnun á textíl við söfnun á grenndarstöðvum. Af þessu hlýst einnig að SORPA þarf að taka yfir söfnun á textíl í heild, á hvort tveggja grenndar- og endurvinnslustöðvum. Með því verður stuðlað að samræmi í þjónustu við íbúa sveitarfélaganna og SORPU unnt að vinna að markvissri fræðslu um söfnun og meðhöndlun á textíl.

Til umræðu hefur komið að halda áfram að fela öðrum aðilum en SORPU söfnun og meðhöndlun á textíl. SORPA telur slíkt flækja það verkefni að samræma söfnun á úrgangi á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess kemur fram í minnisblaði sem Ríkiskaup unnu fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga að ætli sveitarfélögin að fela aðilum á markaði, svo sem mannúðarsamtökum, að sinna söfnun á textíl, megi sveitarfélögin ekki greiða með þeirri meðhöndlun og að gera þurfi sérstaka þjónustusamninga um þá starfsemi. Að sinni telur SORPA því farsælast að tryggja með eigin innviðum söfnun á textíl, og koma honum í ábyrgan og gagnsæjan farveg.



Þessi móttaka SORPU kemur til með að kalla á endurskoðun á samningi SORPU og sveitarfélaganna um rekstur grenndarstöðva og endurvinnslustöðva, því ljóst er að úrgangur á ábyrgð sveitarfélaganna mun aukast við þessa breytingu. SORPA bindur hins vegar vonir við að framlengd framleiðendaábyrgð á textíl verði að veruleika fyrr en síðar, svo að framleiðendur og innflytjendur á textíl muni í framtíðinni bera fjárhagslega ábyrgð á meðhöndlun textíls.

SORPA mun leggja höfuðáherslu á að tryggja ábyrga og gagnsæja afsetningu á þeim textíl sem ekki verður hægt að selja innanlands eða endurvinna með einhverjum hætti. Áhersla verður einnig á að stuðla að eins miklum endurnotum innanlands og mögulegt er. Auk þessa verður lögð áhersla á að tryggja eins hagstæð verð fyrir þann textíl sem SORPA sendir frá sér og kostur er.

Eins og áður segir hefur SORPA átt í góðu samtali við Rauða krossinn vegna þess hlutverks sem Rauði krossinn gegnir við söfnun á textíl, og rekstur verslana á vegum samtakanna. SORPA mun halda áfram samtali við Rauða krossinn til að finna farsæla leið fyrir Rauða krossinn til að geta haldið áfram að reka sínar verslanir fyrir notuð föt.

Í þeirri vinnu sem hefur verið unnin hjá SORPU við undirbúning á þeirri textílsöfnun sem SORPA stefnir nú að hefur Samband íslenskra sveitarfélaga farið þess á leit við SORPU að hún bjóði sveitarfélögum utan starfssvæðis SORPU að nýta þá útflutningsfarvegi sem SORPA mun koma sér upp. SORPA telur að þetta muni falla vel að þeirri útflutningsstarfsemi sem söfnunin kallar á. Þessa þjónustu hyggst SORPA bjóða sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins á kostnaðarverði.

Því er lagt til að SORPA haldi áfram undirbúningsvinnu við söfnun á textíl á öllum grenndar- og endurvinnslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu, til dæmis með innkaupum á söfnunargámum fyrir textíl á grenndarstöðvar, haldi áfram vinnu við að tryggja ábyrga og gagnsæja afsetningu á textíl sem ekki er hægt að endurnota eða -vinna, og koma upp innviðum til að stuðla að eins miklum endurnotum á textíl innanlands og kostur er.

Virðingarfyllst,

Jón Viggó Gunnarsson  
framkvæmdastjóri SORPU bs.



# Skipulag SORPU bs

19. desember 2023

